

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009, fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Á eftir 2. mgr. 88. gr. bætast við fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Deildinni er heimilt að gefa kost á viðbótarnámi að loknu fullgildu háskólaprófi.

Diplómanám í hagfræði er 60 eininga sjálfstætt nám að loknu BA/BS-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Hægt er að fá hluta námsins metinn inn í MS-nám í hagfræði.

Diplómanám í heilsuhagfræði er 60 eininga sjálfstætt nám að loknu BA/BS-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Hægt er að fá hluta námsins metinn inn í MS-nám í heilsuhagfræði.

Diplómanám í fjármálhagfræði er 60 eininga sjálfstætt nám að loknu BA/BS-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Hægt er að fá hluta námsins metinn inn í MS-nám í fjármálhagfræði.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 18. janúar 2012.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*